

**REGLUR****um endurskinsmerki á björgunarbúnaði íslenskra skipa.****1. gr.**

Eftirtalin björgunartæki skulu búnin viðurkenndum endurskinsmerkjum til að auðvelda leit af sjó og úr lofti:

Björgunarbátar, slöngubátar, gúmmíbjörgunarbátar, bjargbelti og bjarghringir.

**2. gr.**

Á báðar hliðar björgunarbáta skal upp við borðstokk, með 50 cm. millibili, fest endurskinsmerki sem eru 5 cm. breið og 30 cm. löng að minnsta kosti, samskonar merkjum skal komið fyrir ofan á borðstokk. Nægilegt er að hafa 4 merki á hvorri hlið og hvorum borðstokk á bátum, sem eru lengri en 7.3 m (24 fet) og 3 á styttri bátum. Þar sem hlífðartjalds er krafist á björgunarbátum, skulu tvö merki eins og að ofan greinir límd í kross á miðjan topp tjaldsins.

Tjaldlausir slöngubátar skulu búnir 2—4 slíkum merkjum á hvorri hlið, þannig að sjáanleg eru af sjó og úr lofti, sé á þeim hlífðartjald, skal á það límdur kross eins og að ofan greinir.

Gúmmíbjörgunarbátar skulu búnir minnst 4 merkjum með jöfnu millibili á tjaldi við flothólfið, auk krossa á tjaldtoppi og botni, hvert merki skal eigi vera minna en  $5 \times 30$  cm.

Á bjargbeltum, sem ekki eru klædd endurskinsefni, skulu vera 4 endurskinsmerki,  $5 \times 15$  cm. að stærð, á hvorri hlið beltisins, eða 6 merki  $5 \times 10$  cm. að stærð.

Bjarghringir skulu búnir 4 endurskinsmerkjum, 5 cm. breiðum, sem fest eru utan um hringinn með jöfnu millibili.

**3. gr.**

Brot gegn reglum þessum varða sektum.

**4. gr.**

Reglur þessar, sem settar eru skv. lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 10. september 1976.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

**REGLUGERÐ****um heimilisþjónustu á Ísafirði.****1. gr.**

Félagsmálaráð í umboði bæjarstjórnar fer með yfirstjórn heimilisþjónustunnar á Ísafirði. Dagleg umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum bæjarstjóra, eða annars starfsmanns er það væri falið sérstaklega.

**2. gr.**

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálp á heimilum að tilvísun læknis, hjúkrunarkonu, ljósmóður, félagsráðgjafa eða að öðrum tilvísunum, sem forstöðumaður metur gildar, að hjálpar, annarrar en hjúkrunar, sé þörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum. Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt sem félagsmálastofnun metur að nauðsyn sé hverju sinni. Heimilisþjónustan felur í sér eftirfarandi atriði:

1. Aðstoð við aldraða, í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum, í þeim tilgangi að stytta sjúkrahúsvist, eða jafnvel koma í veg fyrir hana.
3. Umsjón með heimili, þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru fjarverandi vegna veikinda.
4. Aðstoð við fatlaða, sem búa einir.
5. Önnur tilfelli, sem meta þarf hverju sinni.

**3. gr.**

Félagsmálaráð sér um að starfsfólk heimilisþjónustunnar sækir námskeið í heimilishjálpar þar sem þau eru haldin hverju sinni.

**4. gr.**

Félagsmálaráð ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisþjónustu.

**5. gr.**

Fyrir heimilisþjónustu samkvæmt reglugerð þessari, skal sá er hjálpar nýtur greiða eftir gjaldskrá, er bæjarstjórn Ísafjarðar setur og ráðherra staðfestir.

Heimilt er félagsmálaráði að víkja frá þeirri gjaldskrá til lækkunar, er sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

**6. gr.**

Skrifstofur Ísafjarðarkaupstaðar annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar endurskoðast árlega með sama hætti og reikningar bæjarsjóðs.

**7. gr.**

Félagsmálaráð gerir skýrslu um starfsemina fyrir hvert ár og leggur skýrsluna fyrir bæjarráð ásamt öðrum ársskýrslum er varða rekstur félagsmálaráðs.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálpar í viðlögum, sbr. lög nr. 34 10. apríl 1974 um breytingu á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. september 1976.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Jón Sigurpálsson.*